

Aðalfundur 2023

~ Haldinn þann 15. maí ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Gjaldkeri, vallarstjóri og einn meðstjórnandi
- **Tilnefning skoðunarmanns reikninga**
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**
 - Orðið er laust

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn Virkjun, Ásbrú þann 19. apríl og voru 14 félagsmenn mættir. Rekstur á árinu 2021 var jákvæður um 150.703 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, engin framboð bárust í embætti formanns svo Magnús Kristinsson bauðst til að halda áfram sem var samþykkt, Albert Guidice og Haukur Ólafsson buðu sig fram sem meðstjórnanda, fékk Haukur meirihluta atkvæða.

Innherjar voru enn í dvala eftir Covid.

Sverrir náði loksins að halda Iceland Open F3F og fékk góða aðstoð frá nokkrum félagsmönnum við undirbúning og mótahald, flogið var í Draugahlíðum.

Flotflugkoman var á sínum stað en einnig voru haldin mánaðarleg flotflugkvöld sem mæltust vel fyrir hjá félagsmönnum og öðrum flugmóðelmönnum og voru þau vel sótt. Nokkrir félagsmenn skelltu sér saman norður á land á árlega flugkomu Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismelum og var mikið flogið í finu veðri.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á fjöldamargar aðrar samkomur sem haldnar voru vítt og breytt um landið. Sverrir Gunnlaugsson varði Íslandsmeistaratitil sinn í hangi, F3F, og var þetta í fjórða skiptið í röð sem hann sigrar í mótinu. Jón V. Pétursson varð Íslandsmeistari í hástarti, F3B. Óskum við þeim til hamingju með árangurinn.

Arnarvöllurinn var vel nýttur á árinu en 138 dagar voru skráðir á flugmóðelspjallinu og svo eru nokkrir óskráðir þannig að lauslega má áætla að um 160 dag á árinu hafi verið einhver hreyfing í loftinu. Það er um 44% nýting á flugvöllinum ef eingöngu er horft til flugsins, svo bætist ofan á þetta ef horft er til bíladeildarinnar.

Bíladeildin var líka á fullu, unnið var að dreni víðsvegar í brautinni ásamt smávægilegum breytingum og viðhaldi. Reglulegir hittingar voru nánast alla sunnudaga frá vori að hausti, eða eins og veður leyfir. Töluverð gróska er í starfinu og sportinu almennt og er stefnt á að halda Íslandsmeistaramót sumarið 2023. Tveir nýir félagsmenn bættust í hópinn á árinu hjá bíladeildinni.

Afmælisflugkoma var haldin á Arnarvelli þann 3. desember en félagið var stofnað þann 9. desember 1992 og fagnaði því 30 ára afmæli sínu á árinu. Fínasta vetrarstilla var, frostpoka, sól og allur pakkinn og var vel mætt af félagsmönnum og öðrum flugmóðelmönnum

Reynt var að efna til hátíðarhalda 17. desember vegna 30 ára afmæli félagsins en þau snjóaði aldeilis á bólakaf, svo ekkert varð úr þeim.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2022**

	2022	2021
Félagsgjöld	542.500 kr.	538.200 kr.
Innherjar		
Styrkir		
Vextir	3.502 kr.	455 kr.
Vallarviðhald	166.812 kr.	248.850 kr.
Tækjakaup		
Vefmyndavélar	34.320 kr.	55.950 kr.
Tryggingar	55.832 kr.	49.472 kr.
Bensín, gas, olía	28.746 kr.	11.933 kr.
Veitingar	66.723 kr.	
Bankakostnaður	3.666 kr.	16.355 kr.
Fjármagnstekjuskattur	770 kr.	100 kr.
Samtals á árinu	<u>189.133 kr.</u>	<u>155.995 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	306.698 kr.	150.703 kr.
Samtals eign í árslok	<u>495.831 kr.</u>	<u>306.698 kr.</u>

Eignir	Verð
Sparireikningur	760.510
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Áburðardreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	2.115.510

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.740.510
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 1.256.341 kr en 760.510 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi. Daglegur rekstur var því jákvæður um 189.133 kr sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Stjórn félagsins leggur til að halda félagsgjöldunum óbreyttum á árinu 2023 eða 6.500 kr fyrir yngri en 18 ára og 13.000 kr fyrir almenna félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin maí/júní.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera, vallarstjóra og einn meðstjórnanda.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er laust.

Minnisblað